



**Afmælikveðja  
frá  
forseta Íslands  
Ólafi Ragnari Grímssyni**

Grænar grundir í faðmi hárra fjalla, hafið á aðra hönd, oft úfið hraun og svartur sandur í nágrenninu, víðsýni einstakt, jökullinn í órafjarlægð, ölduniður í eyrum, mávar á flugi, líka lóan, krían ver víglínu að varpi sínu, hrafnar í heimsókn á sumrin, sólbjart að nóttu, að vetri margir að leik þótt heiti ættjarðarinnar gefi annað til kynna.

Það er leitun að landi þar sem golfinu er sköpuð önnur eins umgjörð, þar sem fjölbreytileiki náttúrunnar kallast á við forgjöf keppendanna með sama hætti. Erlendir gestir falla í stafi þegar þeir kynnast undraveröld íslenska golfsins; sjá að hægt er að fara hringinn um landið og í ólíkum byggðum finnast frábærir vellir, í sjávarþorpum og blómlegum sveitum, í fámenni þar sem með öðrum þjóðum væri talin fjarstæða að marka völl. Hér eru líka allar stéttir mættar til leiks: Sjómenn og bændur, forstjórar og fréttamenn, dómara og prestar, iðnaðarmenn og ótal aðrir; þverskurður af þjóðfélaginu.

Golfklúbbur Reykjavíkur á ríkan þátt í þessari sögu; verið vettvangur samstöðu og áforma sem gerði félögunum kleift að sjá draumana rætast: glæsilega velli í nágrenni höfuðborgar og íþróttina verða almenningseign. Fyrir 70 árum var fábreytni samfélagsins slík að golfið var framandi gestur en frumherjunum tókst að hasla því völl og skapa fyrirmyndir sem áhugamenn í öðrum byggðum nýttu sér á komandi árum. Úr jarðvegi Golfklúbbs Reykjavíkur spratt þjóðaríþrótt og fyrir það er þakkað á þessum tímamótum.

Ég óska Golfklúbbi Reykjavíkur til hamingju með glæsilegan árangur og veit að áfram verður haldið á sömu braut: að skapa félögum klúbbsins ótal gleðistundir og frábæra aðstöðu til að njóta hollrar útiveru sem eflir heilbrigði hvers og eins og eykur í safn minninga um ánægjulegar samverustundir.

(undirritun)